



Fundargerð

Efni :	225. stjórnarfundur Lagnafélags Íslands.
Fundarstaður:	Orkustofnun.
Dagsetning:	23. 10. 2012
Tími:	15:45
Fundarmenn:	Guðni A Jóhannesson (GAJ), Kristján Ottósson (KO), Steinar Gíslason (STG), Grétar Leifsson (GL), Benedikt Jónsson (BJ).
Boðuð forföll:	Einar H Jónsson (EHJ), Kristján Kristjánsson (KK), Þór Gunnarsson (PG).

Fyrir fundinum lá dagskrá í 12 liðum.

- 1. Setning fundarins, Guðni A Jóhannesson formaður.**
KO setti fundinn kl. 16:05 v/ seinkunar GAJ á fundinn.
- 2. Fundargerð 224 frá 11. september 2012.**
Fundargerð 224 var borin upp og samþykkt án athugunarsemda.
- 3. Sjá Fréttabréf 117 sem komið er út.**
KO kynnti Fréttabréfið og hvatti menn sérstaklega til að lesa athyglisverða grein Sveins Áka á bls.
- 4. Dagskrá að ráðstefnu þann 1.11.2012 um heitavatnið og byggingareglugerðina liggur fyrir. Sjá drög í Fréttabréfi 117.**
Fram fóru umræður um drögin og menn almennt jákvæðir.
- 5. "Lofsvert lagnaverki". Loka niðurstaða Viðurkenningarnefndar liggur fyrir.**
Niðurstaða nefndarinnar er að veita Hörpu viðurkenningu sem "Lofsvert lagnaverki" fyrir árið 2011, og Íslandsbanka Kirkjusandi fyrir sérstakt handverk pípulagningameistara. Þá var rætt um þá Stein Þorgeirsson tæknifræðing og Valdimar K. Jónsson blikksmíðameistara sem handhafa viðurkenningar fyrir sérstakt ævistarf.
Þetta var samþykkt af stjórn.
- 6. Fagráðin hafa verið sett í gang með að skilgreina þörfina á því hvaða verkþátt á vegum LAFÍ eigi að vinna á komandi vetri.**
Gott mál, og KO fylgi því eftir.



7. Lagnakerfamiðstöð Íslands, hver er staðan?

Þar virðist ekkert vera í gangi, Tækniskólinn stendur ekki við orð af því sem lofað var og samið var um í samningnum.

8. Er ekki tímabært að Iðan fræðslusetur haldi námskeið um "Handbók lagnakerfa"?

Besta mál. KO var falið að hafa samband við Iðuna um námskeiðahald.

9. Hvenær áætlið þið að taka fyrir vandamálið sem allir þekkja, en enginn vill kannast við, sem er "lokafrágangur lagnakerfa"?

Þetta verður tekið upp síðar.

10. Námskeið fyrir eldri borgara verður haldið 30. okt. ef næg þátttaka fæst.

Að sögn KO stefnir í næga þátttöku.

11. Vantar greinar frá stjórnarmönnum.

KO óskaði eftir greinum frá stjórnar mönnum í Fréttabréfið.

12. Önnur mál.

Ekkert var borið upp undir þessum lið.

Fleira var ekki rætt og sleit GAJ fundi kl. 17:10.

Steinar Gíslason ritari.